

68. Stjórnarfundur Alnæmisbarna

Haldinn fimmtudaginn 7. maí 2009 kl.12 - 13 á veitingarstaðnum Kaffitári í Borgartúninu.

Mætt: Hildur Gestsdóttir, Ingibjörg R. Guðlaugsdóttir, Lárus Valgarðsson, Ásdís Ólafsdóttir, Sigríður Baldursdóttir, Ragna Karlsdóttir og Sigurlaug Hauksdóttir.

Fundargerð

Fundargerð 67 samþykkt.

Heimasíða

Ákveðið að þiggja tilboð sem Ingibjörg fékk frá Hringbrot um 2ja tíma kennslu á heimasíðuforritið okkar, þar með talið innsetningu mynda. Kennslan kostar milli kr.15.000,- og 16.000,- með vsk. Er þá búið að gefa okkur 20% afslátt. Ákveðið að Lárus og Sigríður fái kennslu í því og aðrir stjórnarmenn óski þeir þess. Ingibjörg lætur Hringbrot vita og finnur tímasetningu sem hentar. Stjórn Alnæmisbarna telur heimasíðu þeirra vera mjög mikilvæga til að kynna starfsemi félagsins og CLF. WordPress, sem er heimasíðan sem við notum, yrði fyrst uppfærð af Hringbrot.

Efni sem Rosette leggur til að verði sett á heimasíðu Alnæmisbarna frá Candle Light Foundation (CLF)

Borist hefur bréf frá Rosette þar sem hún leggur til við stjórn CLF að eftirfarandi efni verði sett á heimasíðu Alnæmisbarna. Úr bréfi hennar:

We will then be required to provide the following:

- (i) The design of CLF home page
- (ii) CLF Background (such as: when did we start, who are the Founder Members, etc.)
- (iii) The Board Members (Names and Full Contact Address, Pictures, etc...)
- (iv) CLF Vision
- (v) CLF Mission
- (vi) CLF Downloads (such as the CLF annual reports in pdf format, etc.)
- (vii) CLF Photo gallery (Selected photoes, historical and current)

(viii) CLF News (This will have to be updated frequently)

(ix) FAQ (Frequently Asked Questions)

(x) Feedback (Where the public will ask questions and the board will have to respond)

(xi) CLF Contacts (Full Address of the CLF Head Office)

This is to mention but a few. The CLF Executive Director will then work with the Website technical designer by providing the above material and any other that the CLF Bord will recommend.

Sala á hálsfestum og sala í Kolaporti

Sigurlaug seldi hálsfestar á vinnustað sínum og víðar fyrir kr. 46.100,- auk þess voru seldar hálsfestar á aðalfundi Alnæmisbarna og í Kolaportinu. Er heildarágóði hálsfestanna um kr. 75.000,-. Verður hann færður inn á reikning Alnæmisbarna og millifærast síðan inn á reikning CLF. Er þessi upphæð þrefalt hærri en Rosette hafði reiknað með að fá fyrir festarnar. Ennþá eru til fáeinar hálsfestar, ætlar Ragna að fara með þær í Kvennakórinn og reyna að selja þær þar. Sala okkar á barnafötum o.fl. í Kolaportinu helgina 25. - 26. apríl gaf kr. 30.700,- í hreinan ágóða. Verður það hluti af framlagi Alnæmisbarna til stúlnanna í almennu skólunum/CLF á þessu ári.

Ákveðið að kanna hvort Alnæmisbörn geta fengið gefins föt eins og útiföt sem skilin hafa verið eftir í skólum og þeir vilja losa sig við. Hildur ætlar að hafa samband við Fossvogsskóla, Lárus við Vesturbæjarskóla og Ásdís við Hörðuvallarskóla. Gangi þetta eftir hyggst Alnæmisbörn selja þau í Kolaportinu í haust.

Fjárhagsstaða Alnæmisbarna

Fjárhagsstaða Alnæmisbarna er í dag kr. 1.302.787,-. Þrisvar sinnum á ári eru send skólagjöld til CLF. Ákveðið að hafa upplýsingar um fjárhagsstöðu Alnæmisbarna sem fastan lið á stjórnarfundum í framtíðinni.

Ákall frá CLF vegna greiðlu á leigu

Rosette hefur óskað eftir því að fá leiguna greidda fyrirfram. Ingibjörg ætlar að hafa samband við Gest Gíslason hjá Reykjavík Geothermal, en þeir styrkja rekstur CLF með 700 – 1000 dollara á mánuði, og kanna hvort það geti ekki gengið eftir. Alnæmisbörn sendir síðan CLF styrk Reykjavík Geothermal fyrir húsaleigu og upp í rekstur CLF.

Önnur mál

Bjarney Lúðvíksdóttir framkvæmdarstýra tónlistarkvenna eða stúlkubandsins Navia (The Nordic Miracle Group, eða Norrænu kraftaverkasamtökin, navia.is), hafði samband við Hildi þar sem þær hugðust fara til Úganda. Markmið þeirra er að fólk á Norðurlöndunum taki höndum saman um að hjálpa þeim sem minna mega sín í heiminum. Hildur kom þeim í samband við Rosette, framkvæmdarstýru CLF. Þær eru farnar til Úganda og koma tilbaka í lok maí. Fær stjórn Alnæmisbarna þá að heyra hvað kom út úr ferðinni og um framhaldið.

Ákveðið að bjóða félagsmönnum og almenningi upp á að geta styrkt einstaka stúlkur CLF, það er stúlkurnar sem ganga í almenna skóla en þær eru í dag 25 talsins. Þannig ætti að vera hægt að auka fjölda styrktaraðila Alnæmisbarna. Þetta kemur til viðbótar þeim möguleika einstaklinga að styrkja starfsemi CLF í heild sinni eins og nú er gert. Sigríður og Hildur eru búnar að vera í sambandi við Rosette á CLF til að fá upplýsingar og myndir af þeim 25 stúlkum sem nú eru í almennum skólum. Upplýsingarnar eiga að vera um aðstæður þeirra, gengi í skóla og væntingar til framtíðarinnar. Settar verða myndir af stúlkunum á heimasíðu Alnæmisbarna.

Ein stúlkanna á CLF sem er að klára framhaldsskólanám, hyggst fara í háskóla í haust. Lagt til að þetta verði birt sem frétt á heimasíðu Alnæmisbarna.

Með kveðju,

Sigurlaug Hauksdóttir

ritari stjórnar